

Ár 1982, þriðjudaginn 12. janúar, var í málinu nr. 29/1981 kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

Málavextir eru þeir, að með bréfi menntamálaráðuneytisins, dags. 2. desember 1981, er óskað eftir því, að nefndin úrskurði, hvort skylt sé að svara fasteignaskatti af húsnæði því, sem Háskóli Íslands hefur á leigu til skólahalds í húsinu nr. 12 við Grensásveg í Reykjavík.

Háskólinn hefur tekið ofangreint húsnæði á leigu af húseiganda, Ingibjörgu Pálsdóttur, en húsið mun í upphafi hafa verið reist sem iðnaðarhús eða vörugeymsla.


Í 2.mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 320/1972 um fasteignaskatt er það skilyrði sett fyrir undanþágu skóla frá fasteignaskatti, að skólahús sé í eigu þess aðila eða stofnunar, sem skólahald annast. Þetta ákvæði reglugerðar verður að telja í samræmi við rétta lögskýringu laga nr. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga, en í greinargerð fyrir frumvarpi til þeirra laga er ráðgert, að undanþága frá fasteignaskatti sé veitt tilteknum stofnunum. Samkvæmt þessu brestur lagaskilyrði til þess að verða við umræddu erindi.

Ú R S K U R ð A R O R ð :

Ofangreind kára er ekki tekin til greina.



Gaukur Jörundsson.


Pétur Stefánsson


Torfi Asgeirsson.